Markaðspunktar í dag:

- Beveridge kúrfan: Af hverju dró úr skilvirkni vinnumarkaðar?

Beveridge kúrfan: Af hverju dró úr skilvirkni vinnumarkaðar?


Greiningardeild fjallaði í gær um Beveridge kúrfur nokkurra Norðurlanda og þær breytingar sem orðið hafa á þeim (sjá Skilvirkni vinnumarkaðar að aukast á ný?). Þau lönd sem til athugunar voru; Ísland, Finnland, Svíþjóð og Noregur, áttu það sameiginlegt að hafa horft upp á hægri hliðrun á Beveridge kúrfum sínum í kjölfar efnahagsþrenginga undanfarinna ára. Slík hliðrun er yfirleitt túlkuð sem svo að dregið hafi úr skilvirkni vinnumarkaðar.

Í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 hliðraðist íslenska Beveridge kúrfan strax til hægri. Hefur hún verið nánast lárétt síðan, með stöðugan fjölda starfa en töluvert meira atvinnuleysi en þekktist fyrir hrun. Ýmsar ástæður geta legið að baki hliðrunar kúrfunnar, svo sem breytingar á stofnunum vinnumarkaðar. Það getur verið athyglisvert að greina þær, enda gefa þær skýringu á minni skilvirkni vinnumarkaðar.

Vandkvæði við samstillingu þekkingar og starfa....
Nýlegar rannsóknir á Beveridge kúrfu ólíkra landa sýna fram á að hliðrun kúrfunnar megi einkum rekja til samdráttar í fjölda ráðninga á hvert laust starf[1]. Þegar ráðningum á hvert laust starf fækkar þarf að fjölga lausum störfum ef viðhalda á sama atvinnustigi og áður, annars mun atvinnuleysi aukast þrátt fyrir stöðugan fjölda lausra starfa. Þannig hliðrast Beveridge kúrfan út á við.

Líkt og neðangreind mynd ber með sér hefur leitnin í fjölda ráðninga[2] á hvert laust starf á Íslandi legið niður á við allt frá október árið 2008. Árið 2009 sker sig úr en það ár voru mörg sérstök, tímabundin störf skráð. Þrátt fyrir niðurhallandi leitni hefur dregið nokkuð úr atvinnuleysi að undanförnu. Að einhverju leyti felst skýringin í því að ráðningar í ýmiss vinnumarkaðsúrræði eru ekki teknar inn í ráðningar á hvert laust starf, en þeir einstaklingar sem nýta slík úrræði teljast ekki lengur sem atvinnulausir. Þannig dregur úr atvinnuleysi þrátt fyrir að ráðningum á hvert laust starf fari fækkandi. Af þessum sökum er varhugavert að taka neðangreindum gögnum of hátíðlega þar sem aðeins er notast við laus störf og staðfestar ráðningar í almennri vinnumiðlun, en óvíst er hversu vel þau sýna þróun á vinnumarkaðnum í heild sinni.


[1] Sjá m.a. Hobjin og Sahin, *„Beveridge Curve Shifts across Countries since the Great Recession“*
[2] Staðfestar ráðningar í hverjum mánuði skv. Vinnumálastofnun



Heimild: Vinnumálastofnun

Misræmi milli færni einstaklinga í atvinnuleit og þeirra starfa sem í boði eru getur orsakað færri ráðningar á hvert laust starf. Því til skýringar má nefna að ef mikill fjöldi rafvirkja er í atvinnuleit, en þau störf sem í boði eru krefjast læknismenntunar, þá er ljóst að fáar ráðningar verða á hvert laust starf.

Bent hefur verið á að í þeim löndum sem fóru hvað verst út úr húsnæðiskreppunni hafi misræmi á milli færni einstaklinga í atvinnuleit og lausra starfa verið drifkrafturinn bak við hliðrun Beveridge kúrfunnar. Á Íslandi fækkaði störfum við mannvirkjagerð mikið samanborið við aðrar atvinnugreinar. Þannig varð eftirspurn eftir vinnuafli til mannvirkjagerðar lítil en framboðið mikið, sem leiddi til misræmis á vinnumarkaði. Það dregur úr virkni vinnumarkaðar ef erfiðara verður að para saman laus störf og vinnuafl. Ljóst er að störfum hefur fækkað í fleiri atvinnugreinum, og reyndar fjölgað í öðrum, og skal því látið ósagt að fullyrða hvaða atvinnugrein hafi verið orsakavaldurinn fyrir hliðrun íslensku Beveridge kúrfunnar.




Heimild: Hagstofa Íslands

... eða lengri bótaréttur?

Færð hafa verið rök fyrir því að lengri réttur til atvinnubóta dragi úr hvata einstaklinga til að leita sér að vinnu og/eða lengi þann tíma sem hver og einn er atvinnulaus, þ.e.a.s. hækki hlutfall langtímaatvinnulausra. Þannig stuðli lengri réttur til atvinnubóta að hliðrun Beveridge kúrfunnar. Í desember árið 2010 var réttur til atvinnuleysisbóta lengdur úr þremur í fjögur ár hér á landi. Hversu mikil áhrif þessi lenging bótaréttar hafði á Beveridge kúrfuna er óljóst, en kúrfan hafði þegar tekið að hliðrast þegar lengingin kom til.

Nær væri að líta á hlutfall atvinnuleysisbóta og lágmarkstekna í dagvinnu sem hugsanlega skýringu á hliðrun Beveridge kúrfunnar. Eftir því sem atvinnuleysisbætur eru hærri í hlutfalli við lægstu laun getur svo farið að vinnuafl sjái ekki hag sinn í að fara út á vinnumarkaðinn í láglaunastörf. Aukinheldur hafa atvinnulausir í einhverjum tilvikum notið ákveðinna fríðinda og/eða afsláttar af gjöldum fyrir ýmiskonar þjónustu er glatast með því að fara út á vinnumarkaðinn. Því er jaðarábatinn af því að vinna hugsanlega minni en sem nemur muninum á lágmarkstekjum og atvinnuleysisbótum – jafnvel neikvæður þegar munurinn er mjög lítill. Árið 2009 námu atvinnuleysisbætur um 95% af lágmarkstekjum[3], en sama ár hófst hliðrun Beveridge kúrfunnar til hægri. Atvinnuleysisbætur hafa þó farið lækkandi í hlutfalli við lágmarkstekjur og nemur hlutfallið nú í kringum 85% - á sama tíma og Beveridge kúrfan hefur tekið að skrúfast til baka.





Heimild: Vinnumálastofnun, Samtök atvinnulífsins, Alþýðusamband Íslands

Náttúrulegt atvinnuleysi á niðurleið?

Það var ekki aðeins atvinnuleysi sem jókst hratt í kjölfar efnahagshrunsins heldur einnig náttúrulegt atvinnuleysi, en með náttúrulegu atvinnuleysi (NAIRU) er átt við það atvinnuleysisstig sem samræmist stöðugri verðbólgu. Hliðrun Beveridge kúrfunnar út á við er gjarnan túlkuð sem merki um að náttúrulegt atvinnuleysi hafi aukist. Líkt og myndin hér að neðan sýnir þá hefur Beveridge kúrfan hliðrast smátt og smátt inn á við og hefur verið nánast lárétt síðan 2010. Því er hægt að draga þá ályktun að hækkun náttúrulegs atvinnuleysis hafi verið tímabundin og sé smám saman að ganga til baka eftir því sem Beveridge kúrfan færist nær sínu upphaflega fari.

[3] Lágmarkstekjur samkvæmt kjarasamningum Samtaka atvinnulífsins og ASÍ





Heimild: Hagstofa Íslands, Vinnumálastofnun, gagnasafn QMM-líkansins (Seðlabanki Íslands)

Markaðspunktar Greiningardeildar Arion banka

Ásdís Kristjánsdóttir	asdis.kristjansdottir@arionbanki.is	444-6968
Brynjar Ólafsson	brynjar.olafsson@arionbanki.is	444-6262
Elvar Ingi Möller	elvar.moller@arionbanki.is	444-6981
Erna Sverrisdóttir	erna.sverrisdottir@arionbanki.is	444-6991
Fannar Jónsson	fannar.jonsson@arionbanki.is	444-6962
Hafsteinn Hauksson	hafsteinn.hauksson@arionbanki.is	444-6993
Stefán Broddi Guðjónsson	stefan.gudjonsson@arionbanki.is	444-6959

Ábyrgðarmaður: Ásdís Kristjánsdóttir

Fyrirvari

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum sem Greiningardeild Arion banka hefur undir höndum þegar Markaðspunktar eru ritaðir. Helstu heimildir eru ársskýrslur, afkomufundir og hluthafafundir auk annarra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á einn eða annan hátt og ekki skal líta á efnið sem ráðgjöf um kaup, sölu eða aðra ráðstöfun fjármálagerninga sem umfjöllunin kann að varða, beint eða óbeint. Skoðanir og spár geta breyst án fyrirvara. Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Arion banki, eða starfsmenn Arion banka ekki tekið ábyrgð á villum. Vinsamlegast hafið samband við markaðsviðskipti Arion banka eða ráðgjafa áður en gengið er frá viðskiptum sem byggja á þessum Markaðspunktum. Arion banki hf. og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að gengi einstakra bréfa sem félagið mælir með kaupum á kunni að lækka og öfugt. Einnig skal bent á að árangur í fortíð er ekki örugg vísbending eða trygging fyrir árangri í framtíð.

Arion banki, starfsmenn Arion banka, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Arion banka kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Greiningardeildar Arion banka lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar í einstaka félögum, umsjónaraðilar útboða, viðskiptavaki útgefenda eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri fjárfestingabankaþjónustu.

Athugasemdir, ábendingar og fyrirspurnir tengdar markaðspunktum sendist á netfangið greiningardeild@arionbanki.is